

Forsendur fjárhagsáætlunar fyrir árið 2021

1. Útsvar:
Útsvar fyrir árið 2020 verði 14,52%.
2. Verðlag:
Gert er ráð fyrir 2,8% verðbólgu skv. þjóðhagsspá frá því í október.
3. Aðrar forsendur:
Gert er ráð fyrir að íbúafjöldi haldist óbreyttur.
4. Fasteignagjöld:
 - i) Fasteignaskattur:
A-liður Fasteignaskattur íbúðarhúsnæðis eins og það er skilgreint í a-lið 3. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995 verður 0,5% af heildarfasteignamati.
B-liður Fasteignaskattur af opinberum byggingum eins og þær eru skilgreindar í b-lið 3. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995 verður 1,32% af heildarfasteignamati.
C-liður Fasteignaskattur atvinnuhúsnæðis og annarra eigna eins og þær eru skilgreindar í c-lið 3. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995 verður 1,50% af heildarfasteignamati.

Afsláttur sem er veittur tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum sem eiga lögheimili í viðkomandi fasteign fer eftir samþykkt um tekjuviðmið sem samþykkt var í sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 7. apríl 2011.
 - ii) Vatnsgjald:
Vatnsgjald verður 0,3% af heildarfasteignamati eigna sem tengst geta vatnsveitu sveitarfélagsins. Hámarksálagning verður 57.373 á sumarhús og íbúðarhús. Lágmarksálagning verður 17.211
 - iii) Gjaldskrá fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í Bláskógabyggð:

Fráveitugjald verði 0,25% af heildarfasteignamati eigna sem tengjast fráveitukerfum sveitarfélagsins.

Sveitarfélagið innheimtir árlega rotþróargjald til niðurjöfnunar á kostnaði við tæmingu rotþróa, skv. 18. gr. samþykktar um fráveitur og rotþrær í Bláskógabyggð.
Árlegt rotþróargjald þar sem tæming á sér stað þriðja hvert ár skal vera eftirfarandi:
Rotþró 0 –6000 lítra kr. 10.927.
Rotþró 6001 lítra og stærri kr. 2.429 pr./m³
Árlegt rotþróargjald þar sem tæming á sér stað annað hvert ár skal vera eftirfarandi:
Rotþró 0 –6000 lítra kr. 16.386
Rotþró 6001 lítra og stærri kr. 3.644 pr./m³
Árlegt rotþróargjald þar sem tæming á sér stað á hverju ári skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0 –6000 lítra kr. 32.782

Rotþró 6001 lítra og stærri kr. 7.290 pr./m³

Fyrir aukahreinsun, að beiðni eiganda, greiðist eftirfarandi:

Aukahreinsun á rotþró í tengslum við aðra hreinsun kr. 45.000.-

Aukahreinsun á rotþró sem sérferð kr. 110.000.-

Afsláttur sem er veittur tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum sem eiga lögheimili í viðkomandi fasteign fer eftir samþykkt um tekjuviðmið sem samþykkt var í sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 7. apríl 2011.

iv) Lóðarleiga:

Lóðarleiga verði 1% af fasteignamati lóða.

v) Gjaldskrá vegna meðhöndlunar úrgangs 2021:

Sorphirðugjald:

Ílátastærð

240 l ílát	42.105
360 l ílát	54.157
240 lítra ílát, stækkun 1	45.928 (brún, blá, græn)
240 lítra ílát, stækkun 2	62.589 (grá)
240 lítra ílát, stækkun 3	45.928 (2 brún, blá/græn)

Grátunna: söfnun á 21 dags fresti.

Brúntunna: söfnun á 21 dags fresti

Blátunna: söfnun á 42 daga fresti.

Græntunna: söfnun á 42 daga fresti.

Sorpeyðingargjald vegna heimilisúrgangs:

Íbúðarhúsnæði 25.357 kr.

Frístundahúsnæði 21.387 kr.

Lögbýli 14.280 kr.

Fyrirtæki 52.843 kr.

Klippikort verða afhent greiðendum sorpeyðingargjalda.

Móttökugjald á einn m³: 5.800 kr.

Gjalddagar fasteignagjalda verði 6 talsins, innheimt mánaðarlega frá 1. febrúar 2022.

Eindagar eru 30 dögum eftir gjalddaga.

5. Gjaldskrár – aðrar:

Aðrar gjaldskrár hækka almennt um 2,8% og er vísað í texta þeirra á heimasíðu.

Texti gjaldskráa eins og hann er birtur í B-deild Stjórnartíðinda gengum framar þessum texta ef misræmi reynist vera.